



12. apríl 2018.

Fanney D. Halldórsdóttir, sviðsstjóri

MINNISBLAÐ - Reynsla af KVAN samstarfi skólaárið 2017-2018 og framhaldið

Minnisblað þetta er samantekt á reynslu af samstarfi við KVAN fyrirtækið skólaárið 2017-2018. Á haustönn 2017 var ákveðið að ganga til samstarfs við fyrirtækið KVAN í framhaldi af kynningu í fræðsluráði Hafnarfjarðar og áhuga ráðsins að nýta sér þjónustu fyrirtækisins fyrir starfsemi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Ákveðið var að gera samning fyrir þetta skólaár, skólaárið 2017-2018, og gefa út viljayfirlýsingu fyrir frekara samstarf, þá að mestu ákveðið fyrir skólaárið 2018-2019.

Ákveðið var að samstarfið þetta fyrsta skólaár skyldi vera að kaupa námskeiðið Verkfærakistan frá KVAN fyrir umsjónarkennara í 5. eða 6. bekkjum grunnskóla Hafnarfjarðar (hver skóli gat valið hvor árgangurinn væri valinn) og einum fulltrúa öðrum frá skóla (t.d. deildarstjóri á miðstigi, náms- og starfsráðgjafi skólans). Námskeiðið var fólgið í kennslu í sex skipti (2,5 klst. hvert skipti) ásamt því að kennarar fengu ýmis námsgögn og kennsluáætlanir til að styðja við námskeiðið og nýta til kennslu milli námskeiðstíma. Námskeið var haldið á mánudögum kl. 13.30-16 frá janúar til apríl 2018 og fór fram í Áslandsskóla.

Undirritaður hitti síðan hópinn sem sótti námskeiðið í síðasta námskeiðstímanum (9. apríl) og leitaði eftir sjónarmiðum hópsins til framkvæmdarinnar. Almennt má draga þá umræðu saman í eftirfarandi þætti:

- Ánægja er í hópnum (að því er virðist án undantekninga) með námskeiðið og gögnin sem því fylgdu. Námskeiðið er hagnýtt, færir kennurum góð gögn og hópurinn er sammála um gagnsemi þessa efnis fyrir skólastarfið og að vinna með samskipti í skólastarfinu í þeim árgöngum sem um ræddi.
- Hópurinn taldi að þetta efni hentaði grunnskólastarfinu vel og það samrýmdist vel með öðru því sem væri í notkun í skólunum, t.d. SMT-skólafærni, Olweusaráætluninni eða öðru sem væri í gangi. KVAN verkfærakistan væri góð viðbót sem styddi vel við það sem þegar væri nýtt í skólunum.
- Hópurinn taldi jafnframt að þetta efni hentaði vel fyrir umsjónarkennara í 5./6. bekkjum og styðja þessa framkvæmda áfram, þ.e. að hafa áfram námskeið fyrir umsjónarkennara í þessum árgöngum á næsta skólaári og byrja það strax á haustönninni. Með því móti yrði stöðug endurnýjun á þekkingu innan skólanna á viðfangsefninu sem væri umfram það þegar einn skóli tæki námskeið á einu skólaári.
- Það væri líka gott að hafa námskeiðið þvert á skóla (frekar en að vera með námskeiðið innan eins skóla) því það gæfi meiri vídd og möguleika til samræðu þegar kennarar með sama árgang hittist þvert á skóla frekar en að hafa alla aldurshópa undir í einum skóla.

Meginniðurstaðan er að jákvæð viðbrögð og ánægja er hjá þeim sem sóttu KVAN námskeið á vorönn 2018 og þeir leggja til að haldið verði áfram á sömu braut hvað varðar samstarf við KVAN.

Virðingarfyllst,

Vigfus Hallgrímsson

Vigfus Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla